

5

10. febr.

V. Hegningarákvæði o. fl.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr. og fer um mál útaf þeim sem önnur lögreglumál. Sektirnar renna í hafnarsjóð Eskifjarð-arkauptúns.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1917 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1926.

I stjórnarráði Íslands, 10. febrúar 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

6

17. febr.

Reglugjörð

um ákvörðun sjerstaks tímareiknings.

Samkvæmt heimild í lögum 16. febrúar 1917 eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um sjerstakan tímareikning.

Fyrir tímabilið frá 20. febrúar til 20. október 1917 skal hafa sjerstakan tímareikning, þannig að klukkan verði færð fram um 1 klukkustund frá svonefndum íslenskum meðaltíma, og verði 1 klukkustund og 28 mínútum á undan miðtíma Reykjavíkur. Þetta kemur til framkvæmda þannig, að þriðjdagurinn 20. febrúar byrjar 19. febrúar kl. 11 að kveldi eftir íslenskum meðaltíma, og 20. október endar einni klukkustund eftir miðnætti samkvæmt tímareikningi þeim, sem ákveðinn er með þessari reglugjörð.

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins 17. febrúar 1917.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.